Árið 1991, fimmtudaginn 28. febrúar var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Brynjólfi Sigurðssyni og Jóni Þorsteinssyni.

**Fyrir var tekið:**

**1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tekur til, ríkissáttasemjara og ríkisendurskoðenda.**

---

I

Frá 1. mars 1991 skulu laun forseta Íslands vera 320.494 krónur

II

Frá 1. mars 1991 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 266.565 krónur en laun annarra hæstaréttardómara 242.332 krónur.

III

Frá 1. mars 1991 skulu laun forsætisráðherra vera 309.741 krónur en laun annarra ráðherra 281.582 krónur, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. mars 1991 skulu laun ríkissaksóknara vera 242.332 krónur.

V

Frá 1. mars 1991 skulu laun ríkissáttasemjara vera 242.332 krónur.

VI

Frá 1. mars 1991 skulu laun ríkisendurskoðanda vera 215.145 krónur.

VII

Frá 1. mars 1991 skulu laun biskups Íslands vera 211.573 krónur.

VIII

Frá 1. mars 1991 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 208.059 krónur.

IX

Frá 1. mars 1991 skulu laun skrifstofustjóra Alþingis vera 208.059 krónur.

X

Frá 1. mars 1991 skulu þessum ríkisstarfsmönnum greidd mánaðarlaun sem hér segir:

140.829 krónur: Ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi

166.756 krónur: Borgardómarar
Borgarfógetar
Héraðsdómarar
Sakadómarar
Sýslumaðurinn í Dalasýslu
Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu
Bæjarfógetinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn í Strandasýslu
Bæjarfógetinn á Siglufirði
Bæjarfógetinn í Ólafsfirði
Bæjarfógetinn í Neskaupsstað
Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu
Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu
Yfirdýralæknir

178.399 krónur: Bæjarfógetinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals-
sýslu og bæjarfógetinn í Ólafsvík
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og
bæjarfógetinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Árnessýslu og
bæjarfógetinn á Selfossi
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
Rektor Kennaraháskóla Íslands
Rektor Tækniskóla Íslands
Tollgæslustjóri
Verðlagsstjóri

184.550 krónur: Formaður ríkisskattanefndar

190.922 krónur: Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu og bæjarfógetinn
í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík
Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og bæjarfógetinn
í Keflavík, Grindavík og Njarðvík

| | |
|---|---|
| | Bæjarfógetinn í Kópavogi |
| | Flugmálastjóri |
| | Orkumálastjóri |
| | Rafmagnsveitustjóri ríkisins |
| | Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins |
| | Ríkislögmaður |
| | Skattrannsóknarstjóri |
| | Tollstjórinn í Reykjavík |
| | Yfirborgarfógetinn í Reykjavík |
| | Yfirborgardómarinn í Reykjavík |
| | Yfirsakadómarinn í Reykjavík |
| 197.513 krónur: | Sendiherrar |
| 204.763 krónur: | Forstjóri ríkisspítalanna |
| | Landlæknir |
| | Lögreglustjórinn í Reykjavík |
| | Póst- og símamálastjóri |
| | Rektor Háskóla Íslands |
| | Ríkisskattstjóri |
| | Vegamálastjóri |

Ákvörðun þessa kafla tekur ekki til þeirra, sem nota heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1986.

## XI

Um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem Kjaradómur ákveður laun skv. 2. gr. laga nr. 92/1986, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Mánaðarlaun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur fyrir venjubundin störf að ræða, þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður, þar sem um þau hefur verið að ræða.

Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.

2. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.

3. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna samkvæmt annarri og fjórðu grein sbr. 12. grein laga númer 75/1980 um þingfararkaup.**

---

Frá 1. mars 1991 skal þingfararkaup vera 170.632 krónur á mánuði. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun forseta sameinaðs Alþingis vera 187.796 krónur.